

## GJALDSKRÁ

### Hafnasjóðs Vesturbyggðar.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnasjóð Vesturbyggðar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaaákvæði nr. I. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnasjóður Vesturbyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar hverju sinni. Virðisaukaskattur, 24,0% leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

#### Um hafnagjöld.

##### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða gjöld til hafnasjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Skipagjöld.

##### 4. gr.

##### *Lestargjöld.*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 12,62 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr., en þó ekki oft en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

##### *Bryggjugjöld.*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 6,31 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oft en 13 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 78,12 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra gjald en 8.767 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiða þó aldrei lægra en 5.853 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

#### Vörugjöld.

##### 5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

##### 6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

##### 7. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

## 8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruf lutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vörum í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 11. gr.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþagnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist vörugjald eins og hér segir:

1. fl. Gjald 355 kr. á tonn:  
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl. Gjald 604 kr. á tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl. Gjald 651 kr. á tonn:
  - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
  - b) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
  - c) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
  - d) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl. Aflagjald 1,60%:  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara reiknast 0,80% af heildarverðmæti aflans, og af eldisfiski reiknast 0,60% af heildarverðmæti aflans skv. e-lið 2. mgr. 17. gr. laga nr. 61/2003.  
Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd afurða. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila. Framleiðanda eldisfisks ber að afhenda

hafnarstjóra upplýsingar um heildarsöluverðmæti eldisaflans mánaðarlega, t.d. afriti af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, skal miðað við ætlað aflaverðmæti. Ætlað aflaverðmæti er m.v. meðalverð hvernar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Seljanda afla til skyldra aðila ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um seldan afla mánaðarlega, t.d. afriti af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

### **Farþegagjald.**

12. gr.

Farþegagjald er tekið við komu og við brottför farþega sem fara um hafnir Vesturbyggðar, 84 kr. á 16 ára og eldri og 45 kr. á 15 ára og yngri. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjalddöku.

### **Hafnsögugjöld.**

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði en þó að lágmarki 8,46 kr. fyrir hverja mælieiningu. Að auki greiðist 6.301 kr. fastagjald og 544 kr. í hafnsögusjóð. Leiga hafnsögubáts með skipstjóra, 9.260 kr. á klst.

### **Festargjöld.**

14. gr.

Hver afgreiðsla á starfsmann, 7.685 kr. í dagvinnutíma og 13.832 kr. í yfirvinnutíma.

### **Viðlegugjöld.**

15. gr.

Bátar undir 20 brt	7.813 kr.	á mánuði
Bátar yfir 20 brt	12.059 kr.	á mánuði
Bátar undir 20 brt fast viðlegupláss	9.990 kr.	á mánuði
Bátar yfir 20 brt fast viðlegupláss	15.497 kr.	á mánuði
Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggjur	128.400 kr.	á ári
Skip yfir 80 brt	109 kr.	á brt á mánuði
Uppsátursgjald	2.690 kr.	á mánuði

Veittur er 25% afsláttur fyrir frístundabáta í eigu 70 ára og eldri og 50% afsláttur fyrir báta sem liggja við einkabryggjur. Gjald fyrir báta er nýta hafnlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir: Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 65 evrur fyrir hverja byrjaða viku.

### **Siglingavernd (ISPS-kóði).**

16. gr.

Öryggisgjald, 44.884 kr. fyrir hverja skipakomu. Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð, 5.379 kr. á klst. í dagvinnu og 9.683 kr. á klst. í yfirvinnu.

### **Sorpgjald.**

17. gr.

Sorpgjald báta 0-20 brúttótonn, 2.439 kr. á mánuði. Sorpgjald báta 20-50 brúttótonn, 3.253 kr. á mánuði. Sorpgjald skipa yfir 50 brúttótonnum, 8.365 kr. á mánuði.

**Rafmagnssala.**

18. gr.

Rafmagn (landrafmagn), 12,55 kr. á kWh. Gjaldið breytist hverju sinni samkvæmt gjaldskrá Orkubús Vestfjarða. Leigugjald fyrir mæla, lausir 639 kr. á mánuði, fastir 1.277 kr. á mánuði.

Skilagjald vegna leigu rafmagnsmæla, 32.062 kr. hvert skipti. Rafmagnstengigjald, 4.008 kr. hvert skipti.

**Vatnssala.**

19. gr.

Vatnsgjald, 0,15 kr. á hvert kg. landaðs afla hjá fiskibátum/skipum. Vatn til skemmti-ferðaskipa, 2,50 USD hvert tonn. Vatn til annarra skipa, 400 kr. hvert tonn. Vatn afgreitt utan reglubundins vinn tíma, hvert útkall 13.832 kr.

**Vigtargjöld.**

20. gr.

Almenn vigtun, 160 kr. á tonn. Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun, 884 kr.

Vigtun ökutækja, 1.595 kr. hvert skipti. Úrtaksvigtun fyrir löndun úr frystiskipum, 147 kr. á tonn.

Við vigtun sjávarafla frá kl. 18.00 til kl. 22.00 greiðist hálf gjald eða tveggja tíma útkall, 5.378 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 5.378 kr. hver klst.

**Löndunar-, skráningar- og kranagjöld.**

21. gr.

Löndunar- og skráningargjöld, 252 kr. á hvert landað tonn fyrir öll skip. Leiga á kranalykli, 3.601 kr. hvert skipti. Skráning afla í GAFL vegna fyrirtækja með endurvigtunarleyfi, 1.793 kr. fyrir hverja endurvigtunarskráningu eða 0,30 kr. fyrir hvert kíló.

**Leigugjöld.**

22. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði, hvort sem um er að ræða gáma, veiðarfæri eða báta:

Geymslurými á malarsvæði, 94 kr. á fermetra. Geymslurými á malbikuðu svæði, 182 kr. á fermetra. Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja þannig geymdan búnað á kostnað eiganda eða beita sektum allt að 6.145 kr. á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Leiga á flotbryggju, 9.942 kr. hver klst. Húsaleiga, beitingaraðstaða 57.678 kr. á mánuði, herbergi í verbúð 16.000 kr. á mánuði.

**Önnur þjónusta.**

23. gr.

Hefðbundinn opnunartími hafnarvogar er frá kl. 7.00 til kl. 18.00 virka daga. Frá kl. 18.00-22.00 skal greiða að lágmarki tveggja tíma útkall, 5.378 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 5.378 kr. hver klst. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma. Frá 1. júní til 15. ágúst er auk þess opið á laugardögum frá kl. 10.00-12.00 og á sunnudögum frá kl. 17.00-19.00.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 22.00 til kl. 8.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 21.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónusta ekki sinnt fyrr en eftir kl. 7.00 næsta morgun nema um neyðartilfelli sé að ræða.

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á

skuldina. Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

#### 25. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Höfnum Vesturbyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

#### Gildistaka.

#### 26. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar var samþykkt af hafnarstjórn þann 17. nóvember 2015, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1141/2014 fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar.

*Vesturbyggð, 9. desember 2015.*

**Ásthildur Sturludóttir** hafnarstjóri.